

Ed.

369. Frumvarp

til laga um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita sjerleyfi til járnbrautarlagningar milli Reykjavíkur og Þjórsár og til að virkja Urriðafoss.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita hlutafjelaginu »Titan« sjerleyfi til:

1. Að leggja járnbraut frá Reykjavík um Hellisheiði, yfir Ölfusá og að Þjórsá í nánd við Urriðafoss.
2. Að virkja Urriðafoss í Þjórsá. Leyfið felur í sjer heimild til þess að gera uppistöðu í ánni ofan við fossinn og strengi þá, sem að honum liggja, hækka eða lækka vatnsborð eða farveg, gera vatnsrásir ofan jarðar eða neðan eftir þörfum, þar á meðal brottrás handa vatni frá orku-

veri og yfir höfuð að fara með vatnið eftir því, sem nauðsyn krefur til þess að ná úr því orku þess og svo sem samrýmast má landslögum. Gert er ráð fyrir, að virkjaðar verði alt að 160000 hestorkum.

3. Að reisa orkuver í nánd við Urriðafoss, í því skyni að breyta vatnsorku þeirri, sem í 2. tölul. segir, í raforku, og starfrækja það eða þau.
4. Að leiða raforku frá orkuveri eða orkuverum þeim, er í 3. tölul. greinir, til staðar í nánd við Reykjavík, um þá staði og með þeim hætti, er henta þykir og nánar skal fram tekið í sjerleyfisbrjefi, til afnota í iðjuveri eða iðjuverum, sbr. 5. tölul.
5. Að reisa iðjuver til saltþjetursvinslu og annarar iðju til hagnýtingar raforkunnar.
6. Að gera vegi eða önnur samgöngutæki, sem nauðsynleg eru að áliti ráðherra vegna virkjunarinnar, orkuvinslunnar eða orkunýtingarinnar.
7. Að taka lögnámi land og rjettindi yfir landi, svo og að leggja kvaðir á land, að því leyti sem nauðsynlegt er til þess að koma fyrirtækjum þeim í framkvæmd, sem 1.—6. tölul. greinir.

2. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa varnarþing á Íslandi, enda hafi hann hjer búsettan umboðsmann, er birta megi stefnu og svári til sakar fyrir dómi í málum á hendur leyfishafa, en að minsta kosti $\frac{2}{3}$ hlutar stjórnarmanna skulu vera búsettir á Íslandi.

3. gr.

Ekki má framselja sjerleyfi samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda fullnægi nýr leyfishafi öllum settum skilyrðum sjerleyfis.

4. gr.

Sjerleyfistimi má vera alt að 70 árum.

5. gr.

Sjerleyfishafi skal vera undanþeginn eignarskatti, tekjuskatti til ríkissjóðs, útsvari og herra útflutningsgjaldi en nú er, eða öðrum samskonar gjöldum, er á kunna að verða lögð. Í stað þess skal hann gjalda af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum 3 kr. árlega af hverri nýttri hestorku fyrstu 10 árin, en síðan 5 kr. árlega af hverri nýttri hestorku. Gjald þetta skiftist þannig milli ríkissjóðs og sveitarsjóðs, að ríkissjóður hlýtur $\frac{2}{3}$ hluta, en sveitarsjóður þriðjung. Sveitarsjóðshlutinn skiftist eftir ákvörðun ráðherra milli sveita þeirra, er hlut eiga að máli eða verða fyrir átroðningi og usla af fyrirtækinu eða fyrirtækjunum.

Sú raforka, sem seld er til almennings samkvæmt sjerleyfislögum, skal þó undanþegin þessu árgjaldi.

6. gr.

Um sölu á raforku til almennings fer eftir sjerleyfislögum. Þó skal verð árshestorkunnar ekki fara fram úr 55 krónum.

7. gr.

Skylt skal sjerleyfishafa, þegar komin er á fót vinsla köfnunarefnis-áburðar, að láta ríkisstjórninni í tje, eftir ósk Búnaðarfelags Íslands, alt að 3000 smálestum áburðarins árlega við verði, sem ekki má fara meira en 5% fram úr vinslukostnaði og ætíð skal vera 5% undir heildsöluverði samkynja áburðar í Noregi. Áburðurinn afhendist í Reykjavík í útflutningsumbúðum.

8. gr.

Járnbrautin milli Reykjavíkur og Þjórsár skal gerð úr nýju, völdu efni og að öllu leyti eftir fyrirmælum ráðherra, en nánari ákvæði þar að lútandi ber að greina í sjerleyfi. Ráðherra ákveður einnig, hvar og hve margar járnbrautarstöðvar skuli vera, og telst kostnaður af byggingu þeirra til lagningar-kostnaðar brautarinnar.

9. gr.

Kostnaðurinn við járnbrautina skal greiðast þannig:

- a. Reykjavíkurkaupstaður kostar land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átrodning vestan afrjettar eða almennings á Hellisheiði.
- b. Árnessýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átrodning austan afrjettar eða almennings á Hellisheiði, þar með talin stöð austan eða vestan Ölfusár.
- c. Rangárvallasýsla kostar á sama hátt land undir stöðvar og greiðir bætur allar fyrir landnám, jarðrask og átrodning frá stöð við Ölfusá að Þjórsá.
- d. Ríkissjóður leggur fram þriðjung kostnaðar af járnbrautargerðinni að öðru leyti, þar með taldir brautarvagnar og annað það, er samkvæmt vengu tilheyrir slíku mannvirki, eftir ákvörðun ráðherra, þó ekki yfir 2 milj. kr., og er ríkisstjórninni heimilt að taka það sje að láni að nokkru eða öllu leyti. Fjeð greiðist eftir á, alt að 1½ miljón króna, er járnbrautin er fullgerð, með stöðvarhúsum frá Reykjavík að Ölfusá, og alt að ½ miljón króna þegar brautin er fulllögð að Þjórsá, með stöðvarbúsum, vögnum og öðrum áhöldum, er fylgja eiga brautinni.
- e. Sjerleyfishafi leggur fram allan annan kostnað við brautargerðina.

10. gr.

Sjerleyfishafi framkvæmir járnbrautarlagninguna og rekur fyrirtækið á sinn kostnað, enda tekur hann tekjur af því. Ráðherra ákveður öll flutningsgjöld og hefir eftirlit með rekstri brautarinnar. Ríkissjóður á ekki tilkall til vaxta af framlagi sínu fyr en hreinar rekstrartekjur brautarinnar nægja til þess að leyfishafi fái 6% ársvexti af framlagi sínu. Verði rekstrartekjurnar meiri, fær ríkissjóður vexti af framlagi sínu, alt að 6%. Sje þá enn afgangur af rekstrartekjum, skiftist hann milli ríkissjóðs og leyfishafa í hlutfalli við framlög þeirra til járnbrautarinnar.

Ríkissjóði er heimilt, hvenær sem er á leyfistímanum, að taka við járnbrautinni með öllu tilheyrandi til umsjár og eignar, gegn því að greiða

sjerleyfishafa matsverð hennar, að frádregnum hluta rikissjóðs, eftir nánari ákvæðum í sjerleyfinu.

Umboðsmaður ráðherra á hvenær sem er aðgang að öllum bókum járnbrautarfyrirtækisins, og ráðherra getur sett allar nauðsynlegar reglur um eftirlitið með rekstri og reikningsfærslu þess.

11. gr.

Sjerleyfishafi skal hafa byrjað á lagningu járnbrautarinnar eigi síðar en 1. maí 1929 og verkinu skal lokið eigi síðar en 1. júlí 1933.

Á mannvirkjum, er lúta að virkjun Urriðafoss, skal byrjað eigi síðar en 1. júlí 1934.

Verði járnbrautarlagningunni ekki haldið áfram með þeim hraða, að henni geti orðið lokið á tilsettum tíma, eða stöðvist verkið algerlega, fellur sjerleyfið úr gildi og verða unnin mannvirki rikiseign án endurgjalds til sjerleyfishafa.

Járnbrautin öll með stöðvarhúsum, eimvögnum og öðrum vögnum og áhöldum skal jafnan standa að veði fyrir því, að sjerleyfishafi reki járnbrautina og haldi henni vel við, samkvæmt því, sem um semst milli atvinnumálaráðherra og sjerleyfishafa.

12. gr.

Rjettindi og skyldur sjerleyfishafa og skifti hans og ríkisstjórnar fara samkvæmt landslögum, þ. á. m. sjerleyfislögum, að svo miklu leyti sem ekki er um mælt í lögum þessum.

Nú skilur aðilja á um það, hvort atriði skuli sæta úrlausn eftir þessum lögum eða öðrum landslögum, og skal þá hæstirjettur einn dæma um það. Sjerleyfisdómur samkvæmt sjerleyfislögum sker annars úr, ef ágreiningur verður um efndir á ákvæðum sjerleyfisins, með þeim hætti, sem segir í sjerleyfislögum.